

L Ö G

43

7. maí

um

laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Nikulásarkeri í Norðurá er bönnuð laxveiði, önnur en stangaveiði.

2. gr.

Greiða skal Stafholtspresti fullar bætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 1. gr., eftir mati dómkvaddra manna, og skulu bæturnar vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll.

Laxveiðifjelag Norðurár greiðir bæturnar, en sýslumaður innheimtir á manntalsþingi.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, frá 100—1000 kr., er renna að helmingi í sveitarsjóð Stafholtstungnahrepps og að helmingi til uppljóstrarmanns. Svo skal og upptækt alt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðiáhöld. Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en koma þó ekki til framkvæmda fyr en laxveiðifjelagið er löglega stofnað, enda svo ákveðið í lögum þess, að fjelagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn að standa skil á bótunum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson,